

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 48/2003**

**frá 16. maí 2003**

**um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XII. viðauka við samninginn hefur ekki verið breytt áður.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB frá 29. júní 2000 um átak gegn síðbúnum greiðslum í viðskiptum <sup>(1)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 88/361/EBE) í XII. viðauka við samninginn:

„2. **32000 L 0035**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB frá 29. júní 2002 um átak gegn síðbúnum greiðslum í viðskiptum (Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi liður bætist við í 6. gr.:

„6. EFTA-ríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar fyrir 31. desember 2003.““

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2000/35/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.